

**Ed.**

## **228. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Kvaddi hún til sín á fundinn forstjóra tryggingastofnunarinnar og ræddi við hann um málið. Nefndinni er ljóst, að fjöldi erinda hefur borizt Alþingi og einstökum alþingismönnum um óskir og kröfur um margvíslegar breytingar á lögunum. Er af þessu ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess, að viðtæk endurskoðun verði látin fara fram á lögunum í heild. Þetta er hins vegar svo mikið vandaverk, að sýnt er, að þingnefnd getur ekki annað því á stuttum tíma með öðrum störfum. En þar sem óhjákvæmilegt er að fá samþykktar á þessu ári breytingar á lögunum vegna óhjákvæmilegrar frestunar á framkvæmd III. kafla laganna, um heilsugæzlu, þykir rétt, að frv. þetta nái fram að ganga, með því að breytingar þessar eru allar í rétta átt og mæta að nokkru sumum þeim kröfum, sem fram hafa komið. Hins vegar leggur nefndin áherzlu á, að heildarendurskoðun laganna verði hraðað, svo sem unnt er. Í 6. tölulið frumvarpsins er ákveðið, að iðgjöld og framlög skuli árið 1948 miðast við vísitölustig 315. Í dýrtíðarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar er hins vegar gert ráð fyrir því, að verðlagsuppbót verði eigi greidd með hærri vísitölu en 300, að undanskildum þó elli- og örorkulífeyri, sem ákveðið er að greiða skuli með vísitölu 315. En með því að þessi gjöld stofnunarinnar munu nema sem næst  $\frac{3}{5}$  af heildarútgjöldum, ætti að vera nægilegt að reikna iðgjöld og framlög með vísitölu 308. En þar sem hér er aðeins um heimild að ræða fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða, með hve háu vísitölustigi iðgjöld og framlög skuli innheimt á árinu, og í trausti þess, að þetta verði ekki ákveðið herra en 310 stig hæst, vill nefndin ekki gera tillögur til breytinga á þessum tölulið, svo að frv. þurfi ekki af þeim ástæðum að endursendast neðri deild. Hún leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. des. 1947.

Páll Zóphóníasson,  
form.

Hannibal Valdimarsson,  
fundaskr.  
Lárus Jóhannesson.

Gisli Jónsson,  
frsm.